

45
26. mars

SAMÞYKT

um

hagagirðingu í Fljótshlíðarhreppi.

Hreppsnefndin í Fljótshlíðarhreppi í Rangárvallasýslu hefir samkvæmt girðingalögum nr. 66, 22. nóv. 1913 gjört eftirfylgjandi samþykkt um hagagirðingu í Fljótshlíðarhreppi.

1. gr.

Í Fljótshlíðarhreppi skal vera girðing úr vírneti frá túngirðingu á Núpi í mörkum milli Hvollhrepps og Fljótshlíðar að Vörðholti og þaðan þar sem ákveðið verður inn haga hreppsins alt að Bleiksá.

2. gr.

Kostnað við að leggja girðingu þessa og viðhald hennar ber að greiða af ábúendum jarða þeirra í hreppnum er liggja fyrir sunnan girðingu þessa og beitoland* eiga innan hennar, enda ber þeim, ef þeir flytja burt af jörð, endurgjald frá aðfaranda fyrir það er þeir hafa greitt af girðingarkostnaði að frádreginni fyrningu og vöxtum af girðingarláni eftir mati úttektarmanna; ber að jafna kostnaðinum niður að hálfu á jarðarhundrað og að hálfu á fjenaðartölu á hverri jörð, og skal miða við fjenað þann sem á fódri er næst á undan aðalfundi, sem haldin skal inna girðingarfjelagsins ár hvert og skal þar styðjast við skýrslu böðunareftirlitsmanna hvað fje snertir, en hvað stórgripi snertir skal hver ábúandi skýra frá á aðalfundi hversu marga hann ætlar sjer að hafa í girðingunni; af hverjum stórgrip sem beitt er að staðaldri í girðinguna skal vera sama gjald og af 4 kindum.

3. gr.

Engin má taka göngufjenað í girðinguna nema með leyfi sambeitar-
manna sinna, og skal gjaldast af slíkum fjenaði eigi minna gjald en þeim fjenaði sem innan girðingarinnar er frá ábúendum eða þeirra heimilismönnum.

4. gr.

Eftirlit með girðingunni og viðhald, niðurjöfnun kostnaðarins og innheimta skal falin þriggja manna stjórn, er kosin sje af þáttakendum á aðalfundi er haldin skal í maímánuði ár hvert og boðað skal til við kirkju með minst tveggja vikna fyrirvara. Niðurjöfnun þessi og reikningsskil leggist til úrskurðar fyrir aðalfund þátttakenda og ræður einfaldur meirihluti úrslitum aðalfundar nema um samþyktarbreytingar sje að ræða,

5. gr.

45

26. mars

Verði einhver uppvís að því að spilla girðingunni af ásettu ráði eða óaf- sakanlegri vangá skal hann bæta spjöllin. Þeir er fara um hlið á girðingunni eru skyldir til að loka þeim vandlegaog gæta þess að fjenaður fari hvorki út eða inn í girðinguna við umferð þeirra.

6. gr.

Hreppsnefndin skal á vori hverju ákveða hvenær fje skal rekið til fjalls úr girðingunni, en í girðingunni skal ekki eftir þann tíma vera nema hross og málnytupeningur.

7. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 2—20 krónum er renna í sveitarsjóð.

Samþykkt þessi er hjermeð staðfest til að öðlast gildi 1. apríl 1925, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 26. mars 1925.

Magnús Guðmundsson.

Oddur Hermannsson.

REGLUGJÖRÐ

fyrir

rafveitu **Eskifjarðarhrepps.**

46

8. apríl

1. gr.

Rafveita Eskifjarðarhrepps selur rafmagn innan þess svæðis, sem taugar hennar ná yfir, að svo miklu leyti, sem afl hennar nægir, samkvæmt eftirfylgjandi skilmálum.

2. gr.

Stjórn rafveitunnar hefir á hendi fimm manna nefnd, sem hreppsnefndin kys til þriggja ára í senn.

Nefndin kys sjer formann og fjehirði. Rafveitunefndin ræður stöðvar-